

**Sp. 449. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]**

um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson,  
Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar gangskör að því að varnir gegn fisksjúkdómum verði stórefldar og ráðið verði hæft starfsfólk til að fylgjast með fiskeldisstöðvum og aðstoða í baráttunni gegn fisksjúkdómum, bæði í stöðvunum og hinum dýrmætu veiðivötnum landsins.

**Greinargerð.**

Aðstaða til fiskiræktar á Íslandi er talin vera mjög góð frá náttúrunnar hendi. Flest bendir til þess að í fiskiræktinni séu miklir framtíðarmöguleikar fólgnir og geti hún orðið styrk stoð í efnahagslífi okkar Íslendinga innan fárra ára.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Þar sem fisksjúkdómar gerast nú æ ágengari er brýn nauðsyn á að taka upp harða baráttu gegn þeim, t. d. með því að hafa kerfisbundið eftirlit með fiskeldisstöðvunum í landinu og fyrirbyggja að sýktum fiskum sé dreift milli stöðva og út í hina villtu náttúru landsins. Öllum ætti að vera það ljóst, að slík slys geta verið með öllu óbætanleg. Það er því ótrúlega mikið undir því komið að fisksjúkdómar finnist á byrjunarstigi svo að takast megi að einangra þá og eyða þeim áður en stórtjón hlýst af.